

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1045

Dagsetning: 5. nóvember 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) sat fundinn undir liðum 1-11 og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Anna Bryndís Blöndal, fagstjóri lyfjapjónustu og formaður undirbúningsnefndar fyrir Fræðadag HH, sat fundinn undir liðum 3-4. Sigurborg Jónsdóttir og Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir mannauðsráðgjafar sátu fundinn undir lið 6.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 29. október 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Fræðadagur HH

Anna Bryndís Blöndal, fagstjóri lyfjapjónustu HH og skipulagsstjóri Fræðadags HH, kom á fundinn til að ræða Fræðadag HH sem verður 8. nóvember.

### 4. Lyfjamál

Anna Bryndís Blöndal, fagstjóri lyfjapjónustu HH, kom á fundinn til að ræða um lyfjaávisanir og samskipti við embætti landlæknis.

### 5. Leiðtogi félagsráðgjafa

Framhald umræðu af síðasta fundi um stöðu leiðtoga félagsráðgjafa. Ákvörðun frestað.

### 6. Launamál lækna

Sigurborg Jónsdóttir og Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir mannauðsráðgjafar komu á fundinn og kynntu breytingar á launakjörum lækna sem ekki eru með sérfræðiréttindi en hafa langa starfsreynslu sem almennur læknir í heilsugæslu. Framkvæmdastjórn samþykkti drögin.

## 7. Kjaraviðræður lækna

Rætt var um kjaraviðræður lækna við ríkið og fyrirhugaða verkfallsboðun.

## 8. Heilsustyrkur

Farið var yfir uppfærðar verklagsreglur vegna heilsustyrks fyrir starfsfólk HH. Framkvæmdastjórn samþykkti breytinguna.

## 9. Gæðauppgjör geðþjónustunnar

Drög að gæðauppgjöri geðheilsuþjónustu HH var kynnt fyrir framkvæmdastjórn, sem og drög að skipulag ársskýrslu fyrir geðteymin. Framkvæmdastjórn samþykkti drögin.

## 10. Samningur: Gott að eldast

Kynnt voru drög að samningi við Eir um verkefnið Gott að eldast í Mosfellsbæ. Framkvæmdastjórn samþykkti drögin.

## 11. Jafnréttis- og mannréttindastefna

Rætt var um drög að jafnréttis- og mannréttindastefnu HH. Framkvæmdastjórn samþykkti drögin.

## 12. Netleysi í Heilsugæslunni Hvammi

Rætt var um þá stöðu sem kom upp í síðustu viku þegar netsamband í Heilsugæslunni Hvammi rofnaði og hvernig verklag á að viðhafa í sambærilegum tilvikum. Ákveðið var að funda sérstaklega til að fara yfir hvernig brugðist var við og hvað er hægt að læra af atvikinu.

## Aðgerðir og verkefni

- Ganga þarf frá færslu leiðtoga félagsráðgjafa til framkvæmdastjóra geðheilbrigðisþjónustu, sjá lið 5.  
Ábyrgð: ÍDH
- Innleiða þarf breytingar á launakjörum lækna sem ekki eru með sérfræðiréttindi, sjá lið 6.  
Ábyrgð: SKP
- Uppfæra þarf verklagsreglur vegna heilsustyrk starfsfólks, sjá lið 8.  
Ábyrgð: SKP
- Vinna þarf áfram með gæðauppgjör fyrir geðheilbrigðisþjónustuna, sjá lið 9.  
Ábyrgð: ÍDH
- Ljúka þarf gerð samnings við Eir vegna Gott að eldast verkefnisins í Mosfellsbæ, sjá lið 10.  
Ábyrgð: RÓE
- Ljúka þarf gerð jafnréttis- og mannréttindastefnu HH, sjá lið 11.  
Ábyrgð: SKP

- Boða þarf fund til að fara yfir atvik þar sem netkerfið datt út á Heilsugæslunni Hvammi, sjá lið 12.  
Ábyrgð: NSK

Fundi var frestað klukkan 10:35 og fram haldið klukkan 11:30. Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:40.